

Reglur um lyfjagjafir barna í skólum Grindavíkurbæjar

Ætla má að á hverjum tíma þurfi tiltekinn fjöldi barna að mati læknis á lyfjagjöf að halda á skólatíma, sem og á frístundaheimili grunnskóla. Í fæstum tilvikum geta börn borið ábyrgð á lyfjatöku sinni, en þar skiptir þó aldur barna og lyfjategund máli.

Skólahjúkrunarfræðingur getur ekki borið ábyrgð á lyfjagjöf barna á skólatíma enda er dagleg viðvera hjúkrunarfræðings í skólum ekki tryggð.

Starfsfólk skóla getur ekki borið ábyrgð á lyfjagjöf barna á skólatíma.

Þrátt fyrir framangreint skal starfsfólk skóla tryggja eftir mætti lyfjagjafir í bráðatilvikum vegna bráðaofnæmis og flogaveiki, einnig vegna sykursýki og astmaeinkenna enda liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar af hálfu foreldra og læknisvottorð um mögulegar þarfir skólabarna fyrir slíka lyfjagjöf.

Skólastjóri grunnskóla í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing skal tryggja að skráð verklag sé til staðar í skólanum um framkvæmd slíkrar lyfjagjafar, að það sé kynnt starfsfólki skólans og samstarfsaðilum sem koma að barninu. Einnig að vísað sé til verklags í skólanámskrá og/eða árlegri starfsáætlun skólans.

Skólastjóri leikskóla skal tryggja að skráð verklag sé til staðar í skólanum um framkvæmd slíkrar lyfjagjafar, að það sé kynnt starfsfólki skólans og að vísað sé til þess í skólanámskrá og/eða árlegri starfsáætlun skólans.

Að öðru leyti bera foreldrar ábyrgð á lyfjagjöf barna sinna á skólatíma.

Samþykkt í fræðslunefnd Grindavíkurbæjar hinn 6. desember 2018.

Lagt fyrir bæjarráð þann 11. desember 2018 þar sem bæjarráð gerir ekki athugasemd við reglurnar.